Námsgrein: Myndmennt/Sjónlistir 3. bekkur

Kennari: Helga Dagný Einarsdóttir

Tímafjöldi á viku: 3 kennslustundir

Námsefni: Ýmis verkefni frá kennara

Kennsluaðferðir og skipulag: Sýnikennsla og verklegar æfingar

Námsmat: Símat, leiðsögn og virk endurgjöf í gegnum allt ferli

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Nemendur efla sjónrænt læsi með því að skoða greina og túlka myndir, tákn og liti.
Sjálfbærni	Nemendur vinna með efni og hugmyndir sem stuðla að ábyrgri umgengni við náttúru og samfélag. Meðvitund um skynsamlega notkun efnaviðar og góða umgengni áhalda.
Heilbrigði og velferð	Nemendur fá tækifæri til að efla andlega vellíðan og sjálfsþekkingu í gegnum skapandi tjáningu í umhverfi þar sem lögð er áhersla á jákvæð samskipti, rétta líkamsbeitingu og hreinlæti.
Lýðræði og mannréttindi	Virðing fyrir fjölbreytileika, ólíkum tjáningarformum og skoðunum er höfð að leiðarljósi.
Jafnrétti	Kennslan tekur mið af fjölbreyttum bakgrunni nemenda og stuðlar að inngildandi námsumhverfi.
Sköpun	Nemendur fá tækifæri til að þróa hugmyndir sínar, prófa mismunandi aðferðir og efni og skapa á persónulegan hátt. Sköpun, frumleiki og sjálfstæð vinnubrögð eru í forgrunni í allri kennslu þar sem mistök eru tækifæri til að lærdóms.

Heimsmarkmiðin / Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna:

Áhersla er lögð á sköpun, sjálfbærni, fjölbreytileika, jafnrétti, mannréttindi og tjáningu. Nemendur fá tækifæri til að tjá eigin hugmyndir, skoðanir og upplifanir í gegnum myndlist og skapandi vinnu, virða ólík sjónarhorn og vinna með ábyrgri og meðvitaðri notkun efna. Áhersla er lögð á að allir nemendur fái að taka þátt, njóti sín á eigin forsendum og upplifi að hugmyndir þeirra og sjónarmið skipti máli.

Unnið er meðal annars með Heimsmarkmið 4, 5, 10, 11, 12 og 13 og 2., 12., 13. og 29. grein Barnasáttmálans, eftir eðli og áherslum hvers verkefnis.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Markmið
Verkefna mappa - Klippimyndir	Tímarit, skæri, lím, blýantar og litir.	• skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum og tækni,	• Að skreyta möppu með endurnýttum efnivið eftir eigin smekk og áhugamálum
Listasaga: Jón Stefánsson – Sumarnótt: Lómar við þjórsá. Myndlæsi	Bókin Sjónaraf-þjálfun í myndlæsi, blöð, blýantar og litir	• greint á einfaldan hátt listaverk og myndmál í því, • þekkt og gert grein fyrir völdum verkum íslenskra listamanna, lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og þær aðferðir sem beitt var við sköpun verksins.	• Að rýna í listaverk og tekið eftir einföldum sjónrænum þáttum í samvinnu við aðra nemendur • Að sýna virka hlustun • Að rökstyðja á einfaldan hátt svör sín • Að kynnast listaverki eftir íslenskan listamann
Listasaga: Hellalist	Bók: Listasaga-frá Hellalist til 1900, myndefni af netinu, Pappír og kol	• unnið út frá kveikju við eigin listsköpun, bæði í tví- og þrívíðu formi. • fjallað um eigin verk og annarra, • skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar, • tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt,	• Að vinna einfalt verk út frá kynningu á umfjöllunarefninu • Að segja frá eigin verki á einfaldan hátt • Að átta sig á tilgangi ákveðinnar listar • Að tjá hugmyndir og tilfinningar úr eigin

			hugarheimi með einföldum myndum og formum
Litafræði: Grunnlitir og annarsstigslitir- Fuglar í öllum regnbogans litum	Litahringurinn, þekjulitir, penslar, pappír, skæri, poscapenna, myndefni frá kennara.	• nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar, • þekkt hugtök og heiti sem tengjast frumþáttum og lögmálum myndlistar við vinnu verkefna hverju sinni.	• Að þekkja grunnlitina og einfalda litablöndun • Að þekkja 2.stigs liti
Leir- Íslenskir fuglar	Fuglavefurinn.is, ljósmyndir af fuglum, jarðleir, glerungur.	• nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar, • unnið út frá kveikju við eigin listsköpun, bæði í tví- og þrívíðu formi. • þekkt hugtök og heiti sem tengjast frumþáttum og lögmálum myndlistar við vinnu verkefna hverju sinni.	• Að geta mótað form fugls í leir eftir fyrirmynd með klumpaðferð • Að vinna einfalt verk í leir út frá kveikju • Að þekkja einföld hugtök er tengjast leirvinnu t.d. jarðleir, móta, brennsla og glerungur
Blönduð tækni- Fuglamynd	Vatnslitir, salt, mynd af fugl, kalkipappír, blýantur, olíu pastel, Þurrpastel, trélitir, tússpennar, poscapennar.	• skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum og tækni, • unnið út frá kveikju við eigin listsköpun, bæði í tví- og þrívíðu formi.	• Að þekkja og nýta fjölbreytt áhöld og aðferðir við að teikna og mála • Að vinna einfalt verk út frá kveikju

Fjarvídd: 1 punkta fjarvídd- Akur með grænmeti	Reglustika, blýantar, trélitir, tússlitir.	• skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum og tækni, • nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar, • þekkt hugtök og heiti sem tengjast frumþáttum og lögmálum myndlistar við vinnu verkefna hverju sinni.	• Að þekkja og nýta viðeigandi áhöld og aðferðir við teikningu • Að læra grunnatriði í fjarvíddar teikningu s.s. að það sem er nálægt er stærra en það sem er fjær • Að þekkja hugtökin hvarfpunktur og sjóndeildarhringur
Skrímslasköpun úr gipsi	Sagan um Mánárdýrið, Bók: Íslenskar kynjaskepnur, gips grisjur, þekjumálning, ýmiskonar efniviður sem finnst í stofunni.	• skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum og tækni, • getur útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki • unnið út frá kveikju við eigin listsköpun, bæði í tví- og þrívíðu formi. • fjallað um eigin verk og annarra,	• Að þekkja og nýta fjölbreyttan efnivið • Að lýsa hugmynd sinni með skissu • Að vinna verk út frá kynningu á ákveðnu umfjöllunarefni • Að segja frá eigin verkefnum á einfaldan hátt
Val um verkefni t.d. perla, leira, lita myndir.		• skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum og tækni	• Að ýta undir persónulega sköpun út frá áhugasviði